

Fundur haldinn þriðjudaginn 08. júlí 2014 kl. 10:00 í Hermes Reyðarfirði.

Mættir: Gunnþórunn Ingólfssdóttir formaður stjórnar, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður.

Dagskrá fundarins.

1. Drög að ársreikningi 2013
2. Bréf frá Fljótshéraði – uppsögn á samningi við SKA
3. Önnur mál

1. Forstöðumaður fór yfir drögin að ársreikningi SKA fyrir árið 2013. Rekstrartekjur voru samtals 445.044.120,- Rekstrargjöld voru 443.636.347,- Samtals var rekstrarniðurstaðan að teknu tilliti til fjármagnsliða, jákvæð kr. 2.579.544,- en í áætlun var gert ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu upp á kr. 4.000.000,- Eiginfjárreikningur er neikvæður upp á kr. 1. 652.071,- en var neikvæður upp á kr. 4.231.615,- Framkvæmdastjórn gerir engar athugasemdir og vísar ársreikningi til stjórnar.

2. Stjórnarmenn ræddu bréf Fljótshéraðs um uppsögn á samningi um þjónustu SKA (A deild) frá næstu áramótum. Í bréfinu eru viðraðar hugmyndir um nýjan samning með breyttum eða endurskoðuðum áherslum á hlutverki SKA. Björn Ingimarsson ítrekaði ekki væru hugmyndir hjá Fljótshéraði um að ganga út úr samstarfinu með þessu bréfi. Framkvæmdastjórn sammála að vísa því til stjórnar að hafin verði endurskoðun á samningnum. Stefnt verði að því að endurskoðun verði lokið fyrir næstu áramót eða svo fljótt sem auðið er. Þá var framkvæmdastjórn sammála um að fenginn verði utanaðkomandi aðili til að halda utan um verkstjórn endurskoðunarinnar. Í endurskoðunarvinnunni verði fulltrúi SKA, fræðslustjórar Fjarðabyggðar og Fljótshéraðs, auk fulltrúa skólastjórnenda leik- og grunnskóla á svæðinu. Forstöðumanni falið að kanna hugsanlegan verkstjóra hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga eða fá ábendingar þaðan.

Framkvæmdastjórn sammála um að boða til næsta stjórnarfundar mánudaginn 18. ágúst kl. 15:00 á Egilsstöðum.

3. Önnur mál.

Forstöðumaður lagði fram minnisblað frá fræðslustjórum Fjarðabyggðar, Fljótshéraði og forstöðumanni SKA um samstarf skóla á Austurlandi um bættan námsárangur nemenda í læsi og stærðfræði. Horft er til þróunarverkefnis sveitarfélaga á Suðurnesjum sem hefur skilað umtalsverðum árangri í bættum árangri og hafa kennsluráðgjafar gengt þar lykilhlutverki. Lagt er til að Skólaskrifstofan fái heimild til að fjölga stöðugildum kennsluráðgjafar í grunnskólum og leikskólum frá og með hausti 2014, með það að markmiði að bæta námsárangur í skólum á Austurlandi.

Framkvæmdarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar því til næsta stjórnarfundar í ágúst og þá verði jafnframt farið frekar yfir verkefnið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:25.

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson